

Innra mat Þjórsárskóla 2016-2017

Unnið af Bolette og Kristínu

Eins og kveðið er á um í lögum um grunn- og framhaldsskóla ber öllum grunnskólum að marka sér stefnu í innra mati og vinna eftir henni. Tilgangur innra mats er að meta hina ýmsu þætti skólastarfsins kerfisbundið og finna leiðir til að bæta starfið.

Í Skólastefnu Skeiða- og Gnúpverjahrepps er lögð áhersla á að fjölbreytni í námi og kennsluháttum sé undirstaða þroska, velferðar og menntunar nemenda. Skólaþjónusta Árnesþings setti fram markmið fyrir 2014-2017 þar sem áhersla er lögð á það að lestur sé undirstaða náms og virkni í samfélaginu. Í markmiðunum voru skólar einnig hvattir til þess að gera sérstakt átak varðandi lestrarkennslu og teymiskennslu í skólunum.

Þróun í lestrarkennslu

Í Þjórsárskóla er lögð áhersla á að hvert barn fái einstaklingsmiðaða lestrarkennslu strax frá upphafi skólagöngu. Notaðar eru fjölbreyttar leiðir til þess að stuðla að aukinni færni hvers og eins sem og jákvæðu viðhorfi til lestrar. Lögð er áhersla á snemmtæka íhlutun, grípa strax inn í ef upp kemur grunur um lestrarerfiðleika. Notaðar eru skimanir á málþroska og læsi til þess að greina sérþarfir nemenda og skimunum er fylgt eftir með þjálfun og stuðningi. Hraðapróf í lestri eru notuð reglulega yfir veturinn til þess að fylgjast með lestrarþróun og framförum.

Frá árinu 2014 hefur læsisteymi, skipað íslenskukennurum skólans verið að vinna að læsisstefnu bæði fyrir skólann og sameiginlega með Leikholti. Haustið 2016 fóru kennarar á námskeið fjölbreytta kennsluhætti og teymiskennslu þar sem við fengum nýjar hugmyndir um hvernig við getum unnið áfram að markmiði okkar.

Áherslan í vetur hefur verið á að efla læsi og hlúa að færni allra nemanda, meðal annars með því að nota fjölbreyttar, einstaklingsmiðaðar aðferðir til þess að efla læsi og lestrarkennslu og auka ut anumhald með því að efla og samræma skráningarblöð í öllum bekkjardeildum.

Samstarf við heimilin

Foreldrar gegna mikilvægu hlutverki sem fyrirmyndir í málþroska og lestri. Allir nemendur í 1.-7. bekk eiga að lesa að minnsta kosti 5 sinnum í viku upphátt heima og fullorðinn aðili þarf að hlusta, leiðrétta ef þarf og hvetja nemandann áfram í lestrinum. Þá þarf að kvitta fyrir heimalesturinn í þar til gert hefti. Fremst í heimalestrarheftum nemenda er markmiðsblað og matskvarði til leiðbeiningar fyrir foreldra. Kennarar skrá niðurstöður úr hraðaprófum inn á sérstök blöð sem fylgja nemendum á milli bekkjardeilda. Einnig eru haldnir samráðsfundir með kennurum að vori og hausti þegar nemendur færast á milli bekkja.

Sumarlestur:

Síðustu 5 ár hefur verið í gangi sumarlestur. Markmiðið með sumarlestri er að viðhalda og efla lestrarfærni með því að lesa upphátt á sumrin. Þá er sumarlesturinn ekki síður hugsaður sem tæki fyrir foreldra til þess að styðja við lesturinn og til þess að hvetja sín börn áfram.

Metþátttaka var síðasta sumar en um 90% nemenda við skólann tóku þátt í sumarlestri. Þeir nemendur sem sinna sumarlestri hlúa að þeirri færni sem þeir hafa tileinkað sér yfir veturinn. Þetta lestrarátak er orðið eitt af einkennum skólans og hafa aðrir skólar tekið svipað upp eftir okkur.

Skólapúlsinn – Niðurstöður vorið 2017

Skólinn notar Skólapúlsinn til að fylgjast með og bæta innra starf skólans. Liður í því er að spyrja þá nemendur í skólanum sem eru á aldursbilinu 11-12 ára spurninga um líðan þeirra í skólanum, virkni þeirra í námi og almennra spurninga um skóla og bekkjaranda.

Nemendur svara í skólanum spurningalista á netinu. Hver nemandi svarar könnuninni einu sinni á ári og tekur það um 20 mínútur. Könnunin er hluti af innra mati skólans.

Helstu niðurstöður: Niðurstöðurnar voru jákvæðar fyrir skólann. Nemendur eru vel yfir landsmeðaltali í ánægju af lestri, aga í tímum, sambandi milli nemenda og kennara og virkri þátttöku nemenda í tímum. Einnig erum við yfir meðaltali í flestum öðrum þáttum eins og: áhuga á stærðfræði, trú á eigin námsgetu, sjálfáliti og samsömun við nemendahópinn. Þættir sem voru undir landsmeðaltali og þarf að huga sérstaklega vel að eru: Þrautseigja í námi og tíðni hreyfingar. Þegar niðurstöður Skólapúlsins eru skoðaðar ber þó að hafa í huga smæð skólans og þess vegna eru niðurstöðurnar einungis notaðar til leiðbeiningar um skólastarfið.

Könnun á líðan nemenda í 5.bekk. – Niðurstöður frá Skóla - og velferðarþjónustu Árnespings koma ekki fyrir en í haust.

Að lokum

Niðurstöður innra matsins þetta skólaár hvetja okkur til að halda áfram því góða starfi sem unnið er í skólanum, með það að markmiði að auka lestrarfærni og lestraránægju nemenda. Niðurstöður skólapúlsins vorið 2017 eru hvetjandi fyrir okkur þar sem nemendur við skólann hafa jákvætt viðhorf til lesturs og segja að skólinn sé staður þar sem þeim líði vel. Mikilvægt er að halda áfram að hlúa að lestrarfærni nemenda með því að lestur sé ánægjulegur og eftirsóknarverður m.a. með því að nota fjölbreyttar aðferðir við kennslu.

Þar sem góð færni í lestri er undirstaða alls náms þá eru markmið læsisstefnu Þjórsárskóla fyrst og fremst að efla og hlúa að færni nemenda í læsi. Við lítum því svo á að á skólaárinu 2016-2017 hafi línurnar verið lagðar að því hvernig við ætlum okkur að vinna áfram með læsi hjá öllum nemendum í 1.-7. bekk í Þjórsárskóla.